Ed. 447. Breytingartillögur

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 17, 9. júlí 1909, um almennan ellistyrk.

Frá Guðm. Ólafssyni og Jóni Jónssyni.

1. Við 1. gr. Aftan við greinina bætist:
   og með jafnháu tillagi úr sveitar- eða bæjarsjóði.
2. Við 3. gr. Á eftir orðinu »ríkissjóði« komi: og sveitar- eða bæjarsjóði.
3. Á eftir 3. gr. komi ný grein, er verður 4. gr.:
   Á eftir 16. gr. laganna komi ný grein, er orðist svo:
   Rétt er umsækjanda að kæra til sýslunefndar eða bæjarstjórnar yfir úthlutun ellistyrks.
   Kærur skulu bréflegar og komnar til formanns nefndarinnar innan tveggja mánaða frá úthlutun, enda hafi úthlutunarnefnd verið gefinn kostur á að láta í té umsögn um kæruna. Sýslunefnd eða bæjarstjórn úrskurðar svo kæruna á næsta fundi, og er henni heimilt að hækka styrk kæranda, ef hún telur ástæðu til. Hækkunin greiðist úr sveitar- eða bæjarsjóði.